

## **SKÝRSLA FULLTRÚA FORELDRA Í SKÓLARÁÐI 2012-2013**

Um hlutverk og skipan skólaráðs segir í 1. gr. reglugerðar um skólaráð við grunnskóla, nr. 1157/2008 að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem sé samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnum skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess.

Í skólaráði eru níu manns til tveggja ára í senn. Í skólaráði skólaárið 2012-2013 eru: Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri, Sigrún Guðmundsdóttir og Hallgrímur Geir Gylfason kennarar, Anna Guðný Björnsdóttir sem er fulltrúi annars starfsfólks við skólann, stjórnandi Skólahljómsveitar Kópavogs, Össur Geirsson, er fulltrúi grenndarsamfélags, Ragnheiður Bóasdóttir og Selma Guðmundsdóttir eru fulltrúar foreldra í skólaráði og Guðrún Kara Valgarðsdóttir og Anna Björg Friðriksdóttir fulltrúar nemenda.

Skólaráð fundar að meðaltali einu sinni í mánuði. Á þessu skólaári hafa verið haldnir 6 skólaráðsfundir auk opins fundar 17. apríl síðastliðinn. Við það tilefni fór Sigrún Bjarndóttir skólastjóri yfir starf vetrarins. Sigrún Erla Ólafsdóttir kennari sagði frá innra mati skólastarfs. Álfhólsskóli mótaði starfshætti matsteymis vorið 2011 og setti fram matsáætlun til 5 ára. Fór Sigrún yfir viðfangsefni matsteymis, aðferðir og framkvæmd matsins og niðurstöður. Ragnheiður Bóasdóttir og Selma Guðmundsdóttir fóru yfir hlutverk og verkefni skólaráðs. Anna María Bjarnadóttir, formaður foreldrafélags Álfhólsskóla, kynnti starf foreldrafélagsins. Að lokum sagði Bragi Þór Thoroddsen, formaður skólanefndar Kópavogs, frá skólastefnu Kópavogs. Síðasti fundur vetrarins verður haldinn 8. maí. Fundargerðir skólaráðs má lesa inni á heimasíðu Álfhólsskóla undir: [alfholsskoli.is](http://alfholsskoli.is) – skólinn – skólaráð – fundargerðir.

Skólaráð tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið. Með grenndarsamfélagi er átt við foreldra og forráðamenn skólabarna fyrst og fremst. Skólaráð er ein leið til þess að gera skólastarf lýðræðislegra með aukinni aðkomu foreldra að starfinu. Í því felst um leið aukin ábyrgð foreldra á mótun skólastarfs. Þessi nýjung kom inn með nýjum grunnskólalögum 2008 þar sem áhersla er lögð á það að foreldrar og nemendur komi að sínum sjónarmiðum við þá vinnu sem felst í mótun skólastarfs.

Starf foreldrafulltrúa í skólaráði er að koma að sjónarmiðum foreldra sem m.a. berast stjórn foreldrafélags Álfhólsskóla. Á þessu skólaári hafa foreldrafulltrúar kynnt sér starfsáætlun skólans og veitt henni umsögn. Þeir kynntu sér drög að skólastefnu Kópavogsbæjar og stefnu Kópavogs í upplýsingatækni þar sem stefnt er að því að endurnýja tölvur á 6 ára fresti og auka aðgengi nemenda að tölvum. Farið var yfir fjárhagsuppgjör síðasta árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Áætlunin er innan marka. Keypt voru skrifborð og stólar fyrir nemendur á miðstigi og aðbúnaður unglinga bættur. Farin er af stað vinna með Grænfanann og eru öll innkaup skólans gerð með hugmyndir Grænfanans að leiðarljósi. Fulltrúarnir kynntu sér

niðurstöður samræmdra prófa þar sem lestrarátak Álfhólsskóla hefur skilað sér í góðum árangri nemenda í lestri og eru nemendur að bæta sig í öllum þáttum. Byrjað er á átaki í stærðfræðikennslu á yngsta stigi sem mun færast upp á miðstig. Vinna við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár er í fullum gangi og fylgjast foreldrafulltrúar með gangi mála. Næsta vetur verður unnið eftir nýrri aðalnámskrá sem tók gildi árið 2011 og stefnt er að því að hún verði komin til fullrar innleiðingar árið 2015. Matur í skólum er foreldrum alltaf hugðarefni og umræða um hann skýtur reglulega upp kollinum á skólaráðsfundum. Þá er rætt um hvað betur mætti fara og leiðir sem hægt er að fara í því. Nú þegar geta nemendur á elsta stigi skammtað sér sjálfir matinn, fleira er í boði og ættu því flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Stefnt er að því að nemendur á yngra stigi eigi einnig þennan kost næsta vetur. Boðið er upp á hafragraut á morgnana börnunum að kostnaðarlausu. Aukning hefur verið í að börnin séu í hádegismat í skólanum og eru nú 82% nemenda í Álfhólsskóla í mat. Fleiri kennarar borða nú með börnunum og hefur það skilað sér í betri hegðun og umgengni. Öll viljum við auka öryggi barna í umferðinni sem er mikil á morgnana þegar börnin eru á leið í skólann. Verið er að skoða leiðir til þess, meðal annars hvort að eldri börnin mæti seinna í skólann en þau yngri og minnki með því akstursálagið á morgnana. Gæsla í frímínútum hefur verið aukin á eldra stigi með samstarfi við nemendur í 10. bekk, en þeir fara nú út í frímínútur með börnunum ásamt skólaliðum. Foreldrafulltrúar kynntu sér aðgerðaráætlunina „Saman í sátt“ þar sem tekið er á einelti. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um hvernig á að bera sig að ef grunur um einelti vaknar. Leggja á áherslu á forvarnavinnu meðal kennara og starfsfólks vegna eineltis. Rætt hefur verið um fyrirkomulag dægradvalar og hvernig hægt sé að bæta starfið. 2. og 3. bekkur voru saman í íþróttahúsinu Digranesi en vegna þrengsla var 3. bekkur færður í matsal Álfhólsskóla. Álfhólsskóli er einn þriggja grunnskóla sem var valinn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að taka þátt í ytra mati. Þrjú þættir voru skoðaðir; stjórnun, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mati. Niðurstöður liggja ekki fyrir. Áhersla á samskipti og samstarf heimila og skóla var meginefni á **stefnumótunardegi** sem haldinn var 4. maí síðastliðinn. Unnið var út frá þremur spurningum: *Hvað teljast góð samskipti heimilis og skóla? Hvaða nýjar hefðir í samstarfi getum við búið til? Hvernig er hægt að virkja sem flesta foreldra til samstarfs og sjálfboðastarfa?* Stýrihópur um stefnumótun Álfhólsskóla mun móta stefnu skólans um samskipti út frá þeim gögnum sem eru afrakstur stefnumótunarfundarins. Miðað er við að þeirri vinnu ljúki í lok þessa skólaárs.